**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR** **2015/EES/74/84**

**frá 26. júní 2014**

**um snið fyrir skýrslugjöf um landsáætlanir til framkvæmdar á tilskipun ráðsins 91/271/EBE**

*(tilkynnt með númeri C(2014) 4208)*

(2014/431/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli ([1]), einkum 4. mgr. 17. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Aðildarríkin þurfa að taka saman skýrslur um landsáætlanir sínar um framkvæmd tilskipunar 91/271/EBE og skulu, ef nauðsyn krefur, leggja fyrir framkvæmdastjórnina, eigi síðar en 30. júní annað hvert ár, uppfærðar upplýsingar á grundvelli sniða sem framkvæmdastjórnin útbýr.

2) Sambandið hefur einsett sér að hámarka ávinning af umhverfislöggjöf Sambandsins með því að bæta framkvæmd, þ.m.t. með því að tryggja að almenningur hafi aðgang að skýrum upplýsingum sem sýna hvernig löggjöfin er framkvæmd. Setja ætti upp á landsvísu kerfi sem dreifa slíkum upplýsingum á virkan hátt og þeim til viðbótar ætti að taka saman yfirlit á vettvangi Sambandsins yfir frammistöðu einstakra aðildarríkja ([2]).

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um borgaralegt frumkvæði Evrópubúa, „Vatn og hreinlæti eru mannréttindi! Vatn er almannagæði, ekki verslunarvara“ ([3]) skuldbindur hún sig til að gera upplýsingar um skólp frá þéttbýli aðgengilegri fyrir borgarana, einkum með hagkvæmari og gagnsærri gagnastjórnun og miðlun.

4) Þær breytingar sem eru innleiddar með þessari ákvörðun byggja á tilraunaverkefni um að koma á skipulegum ramma um framkvæmd og upplýsingar sem hluta af viðleitni framkvæmdastjórnarinnar til að þróa einfaldan, skýran, stöðugan og fyrirsjáanlegan regluramma fyrir fyrirtæki, launafólk og borgara með það að markmiði að draga úr stjórnsýslubyrði og auka gagnsæi ([4]).

5) Endurskoða þarf sniðin, sem voru samþykkt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/481/EBE ([5]), með tilliti til þess að þörf er á einföldun og auknu gagnsæi, minnkun stjórnsýslubyrðar og nýrri nálgun að gagnastjórnun og skýrslugjöf. Því ætti að skipta þeirri ákvörðun úr.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 18. gr. tilskipunar 91/271/EBE.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Snið fyrir skýrslugjöf um landsáætlanir til framkvæmdar á tilskipun 91/271/EBE, sem kveðið er á um í viðaukanum, eru samþykkt.

*2. gr.*

Ákvörðun 93/481/EBE er felld úr gildi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 197, 4.7.2014, bls. 77. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40.

([2]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1386/2013/ESB frá 20. nóvember 2013 um að koma á fót almennri aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði umhverfismála til ársins 2020 „Gott líf innan marka plánetunnar okkar“ (Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 171).

([3]) COM(2014) 177, lokagerð.

([4]) COM(2012) 746, lokagerð.

([5]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/481/EBE frá 28. júlí 1993 varðandi fyrirmyndir að eyðublöðum vegna kynningar á innanlandsáætlunum eins og kveðið er á um í 17. gr. tilskipunar ráðsins 91/271/EBE (Stjtíð. EB L 226, 7.9.1993, bls. 23).

*3. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. júní 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Janez POTOČNIK

*framkvæmdastjóri.*

___________

*VIÐAUKI*

## ÁÆTLUN UM FRAMKVÆMD TILSKIPUNAR 91/271/EBE

*Tafla 1*

**Grunnupplýsingar**

| | |
|---|---|
| Aðildarríki: | |
| Dagsetning skýrslugjafar: | |
| **Viðmiðunardagsetning** sem er notuð til að auðkenna tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum eða eindaga sem beðið er (tafla 2 og 3): | |
| Nafn tengiliðar vegna skýrslugjafar ([1]): | |
| Stofnun: | |
| Gata: | |
| Póstnúmer: | |
| Borg: | |
| Símanúmer: | |
| Tölvupóstfang: | |
| Aðrar athugasemdir: | |

([1]) Persónuupplýsingar (nafn, símanúmer o.s.frv.) verða skráðar skv. b-lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

Aðildarríki:

*Tafla 2*

**A — Safnræsi eða sjálfstæð kerfi/hagnýt kerfi (IAS) ([1]) þéttbýlisstaða með 2000 persónueiningum eða fleiri þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum á viðmiðunardegi**

| Grunngögn varðandi þéttbýlisstaðinn | | | | Ráðstöfun eða ráðstafanir vegna safnræsa og sjálfstæðra kerfa/hagnýtra kerfa skv. 3. gr. | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Auðkenni þéttbýlisstaðarins ([2]) | Heiti þéttbýlisstaðarins | Staða þéttbýlisstaðarins | Tilgreind ástæða eða ástæður fyrir því að ekki er farið að tilskildum ákvæðum | Ráðstöfun eða ráðstafanir sem fyrirséðar eru til að ná að fara að ákvæðum 3. gr. (safnræsi og sjálfstæð kerfi/hagnýt kerfi) | Dagsetning eða áætluð dagsetning þegar lokið verður við undirbúningsráðstafanir vegna safnræsis eða sjálfstæðs kerfis/hagnýts kerfis (skipulagning, hönnun, innkaup, samþykki eins og krafist er á vettvangi aðildarríkjanna o.s.frv.) ([3]) | Upphafsdagsetning eða áætluð upphafsdagsetning vinnu við safnræsi eða sjálfstæð kerfi/hagnýt kerfi | Áætluð dagsetning þegar vinnu við safnræsi eða sjálfstæð kerfi/hagnýt kerfi lýkur | Fjárfestingarkostnaðarspá fyrir safnræsi eða sjálfstæð kerfi/hagnýt kerfi (eins og í landsáætlun) | Heiti ESB-sjóðs sem fyrirhugað er að nota til að ljúka við safnræsi eða sjálfstæð kerfi/hagnýt kerfi (ef einhver er) ([4]) | Fjárhæð (fyrirhugaðs) ESB-fjármagns sem líklegt er að óskað verði eftir til að ljúka við safnræsi eða sjálfstæð kerfi/hagnýt kerfi (ef einhver er) | Athugasemdir um safnræsi eða sjálfstæð kerfi/hagnýt kerfi sem skipta máli |
| | | Ekki farið að tilskildum ákvæðum | | | (mm/áááá) | (mm/áááá) | (mm/áááá) | Evrur | | Evrur | |
| | | Ekki farið að tilskildum ákvæðum | | | | | | | | | |
| | | Ekki farið að tilskildum ákvæðum | | | | | | | | | |

([1]) Sjálfstæð kerfi eða hagnýt kerfi (1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar).
([2]) Sama auðkenni þéttbýlisstaðar og er notað vegna skýrslugjafar skv. 4. mgr. 15. gr.
([3]) Einungis nauðsynlegt ef lagning safnræsis eða sjálfstæðs kerfis/hagnýts kerfis er ekki hafin á viðmiðunardegi.
([4]) Til dæmis Byggðaþróunarsjóður Evrópu (ERDF), Samheldnisjóður (CF), lán frá Fjárfestingarbanka Evrópu (EIB), lán frá Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD), sjóður fyrir umhverfisvernd og orkunýtni (EPEEF), Félagsmálasjóður Evrópu (ESF), ...

**B — Safnræsi eða sjálfstæð kerfi/hagnýt kerfi þéttbýlisstaða með 2000 persónueiningum eða fleiri þar sem um var að ræða eindaga sem beðið var (1) á viðmiðunardegi**

| Grunngögn varðandi þéttbýlisstaðinn | | | Ráðstöfun eða ráðstafanir vegna safnræsa eða sjálfstæðra kerfa/hagnýtra kerfa skv. 3. gr. | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Auðkenni þéttbýlisstaðar (2) | Heiti þéttbýlisstaðarins | Staða þéttbýlisstaðarins | Ráðstöfun eða ráðstafanir sem fyrirséðar eru til að ná að fara að ákvæðum 3. gr. (safnræsi og sjálfstæð kerfi/hagnýt kerfi) | Dagsetning eða áætluð dagsetning þegar lokið verður við undirbúningsráðstafanir vegna safnræsis eða sjálfstæðs kerfis/hagnýts kerfis (skipulagning, hönnun, innkaup, samþykki eins og krafist er á vettvangi aðildarríkjanna o.s.frv.) (3) | Upphafsdagsetning eða áætluð upphafsdagsetning vinnu við safnræsi eða sjálfstæð kerfi/hagnýt kerfi | Áætluð dagsetning þegar vinnu við safnræsi eða sjálfstæð kerfi/hagnýt kerfi lýkur | Fjárfestingar-kostnaðarspá fyrir safnræsi eða sjálfstæð kerfi/hagnýt kerfi (eins og í landsáætlun) | Heiti ESB-sjóðs sem fyrirhugað er að nota til að ljúka við safnræsi eða sjálfstæð kerfi/hagnýt kerfi (ef einhver er) (4) | Fjárhæð (fyrirhugaðs) ESB-fjármagns sem líklegt er að óskað verði eftir til að ljúka við safnræsi eða sjálfstæð kerfi/hagnýt kerfi (ef einhver er) | Athugasemdir um safnræsi eða sjálfstæð kerfi/hagnýt kerfi sem skipta máli |
| | | Eindagar sem beðið er | | (mm/áááá) | (mm/áááá) | (mm/áááá) | Evrur | | Evrur | |
| | | Eindagar sem beðið er | | | | | | | | |
| | | Eindagar sem beðið er | | | | | | | | |

(1) Þar með taldir eindagar sem eru ákveðnir með aðildarsáttmálum
(2) Sama auðkenni þéttbýlisstaðar og er notað vegna skýrslugjafar skv. 4. mgr. 15. gr.
(3) Einungis nauðsynlegt ef lagning safnræsis eða sjálfstæðs kerfis/hagnýts kerfis er ekki hafin á viðmiðunardegi.
(4) Til dæmis Byggðaþróunarsjóður Evrópu (ERDF), Samheldnisjóður (CF), lán frá Fjárfestingarbanka Evrópu (EIB), lán frá Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD), sjóður fyrir umhverfisvernd og orkunýtni (EPEEF), Félagsmálasjóður Evrópu (ESF), ...

Aðildarríki:

*Tafla 3*

A —**Skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli á þéttbýlisstöðum með 2000 persónueiningum eða fleiri þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum á viðmiðunardegi** (1)

| Grunngögn varðandi skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli | | | | | | Ráðstöfun eða ráðstafanir varðandi skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli skv. 4., 5. og 7. gr. (2) | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Auðkenni skólp-hreins-istöðva fyrir þéttbýli (3) | Heiti skólp-hreinsi-stöðva fyrir þéttbýli | Auðkenni þéttbýlisstaðar eða -staða sem fá þjónustu | Heiti þéttbýlisstaðar eða -staða sem fá þjónustu | Staða skólp-hreinsi-stöðva fyrir þéttbýli | Tilgreind ástæða eða ástæður fyrir því að ekki er farið að tilskildum ákvæðum | Ráðstafanir til að ná reglufylgni sem þörf er á vegna skólp-hreinsi-stöðva fyrir þéttbýli | Magn sem kemur inn í skólp-hreinsi-stöðvar fyrir þéttbýli á þeim degi sem áætlað er að farið sé að tilskildum ákvæðum (eins og fyrirhugað er) | Lífræn hönn-unargeta skólp-hreinsi-stöðva fyrir þéttbýli (eins og fyrir-hugað er) | Tegund með-höndlunar skólphreinsi-stöðva fyrir þéttbýli (eins og fyrirhugað er) | Dagsetning eða áætluð dagsetning þegar lokið verður við undirbún-ingsráð-stafanir (skipulagn-ing, hönnun o.s.frv.) (4) | Dagsetn-ing eða áætluð upphafs-dagsetn-ing verks | Dagsetn-ing eða áætluð dagsetn-ing verk-loka | Dagsetn-ing þegar áætlað er að farið sé að til-skildum ákvæðum (sýnataka í 12 mán-uði) | Kostn-aðarspá vegna fjárfest-inga sem þörf er á vegna skólp-hreinsi-stöðva fyrir þéttbýli (eins og í lands-áætlun) | Heiti ESB-sjóðs sem fyrirhugað er að nota (ef einhver er) (5) | Upphæð (fyrir-hugaðrar) ESB-fjár-mögnunar sem þörf er á | Viðeig-andi athuga-semdir um skólp-hreinsi-stöðvar fyrir þéttbýli |
| | | | | Ekki farið að til-skildum ákvæðum | Til dæmis ófullnægjandi hönnun/ úrelding/nýjar kröfur/aukið magn/röng starfræksla/.. | | Persónu-einingar | Persónu-einingar | 1, 2, 3-N, 3-P, 3-ör-verufræði, 3-annað | (mm/áááá) | (mm/ áááá) | (mm/ áááá) | (mm/ áááá) | Evrur | | Evrur | |
| | | | | Ekki farið að til-skildum ákvæðum | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | Ekki farið að til-skildum ákvæðum | | | | | | | | | | | | | |

(1) Samkvæmt tilskipuninni er ekki gerð krafa um upplýsingar varðandi einstakar stöðvar á þéttbýlisstöðum með fleiri en 10 000 persónueiningum, að því er varðar að köfnunarefni eða fosfór er ekki fjarlægður, vegna viðkvæmra svæða ef unnt er að sýna fram á að lágmarkshundraðshluti minnkunar á heildarmagni sem fer inn í allar skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli á viðkomandi svæði sé a.m.k. 75% fyrir heildarfosfór og a.m.k. 75% fyrir heildarköfnunarefni á viðmiðunardegi.
(2) Ákvæði 7. gr. vísa einungis til þéttbýlisstaða með færri en 10 000 persónueiningar sem losa í strandsjó.
(3) Sama auðkenni skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli og er notað vegna skýrslugjafar skv. 4. mgr. 15. gr.
(4) Einungis nauðsynlegt ef bygging skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli er ekki hafin á viðmiðunardegi.
(5) Til dæmis Byggðaþróunarsjóður Evrópu (ERDF), Samheldnisjóður (CF), lán frá Fjárfestingarbanka Evrópu (EIB), lán frá Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD), sjóður fyrir umhverfisvernd og orkunýtni (EPEEF), Félagsmálasjóður Evrópu (ESF), ...

**B —Skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli á þéttbýlisstöðum með 2000 persónueiningum eða fleiri** þar sem um va**r að ræða eindaga sem beðið var** ([1]) á **viðmiðunardegi** ([2])

| Grunngögn varðandi skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli | | | | | | Ráðstafanir varðandi skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli skv. 4., 5. og 7. gr. | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Auðkenni skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli ([3]) | Heiti skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli | Auðkenni þéttbýlisstaðar eða -staða sem fá þjónustu | Heiti þéttbýlisstaðar eða -staða sem fá þjónustu | Staða skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli | Ráðstafanir til að ná reglufylgni sem þörf er á vegna skólphreinistöðva fyrir þéttbýli | Magn sem kemur inn í skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli á þeim degi sem áætlað er að farið sé að tilskildum ákvæðum (eins og fyrirhugað er) | Lífræn hönnunargeta skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli (eins og fyrirhugað er) | Tegund meðhöndlunar skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli (eins og fyrirhugað er) | Áætluð dagsetning þegar undirbúningsráðstöfunum (skipulagning, hönnun o.s.frv.) lýkur ([4]) | Dagsetning eða áætluð upphafsdagsetning verks | Dagsetning eða áætluð dagsetning verkloka | Dagsetning þegar áætlað er að farið sé að tilskildum ákvæðum (sýnataka í 12 mánuði) | Kostnaðarspá vegna fjárfestinga sem þörf er á vegna skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli (eins og í landsáætlun) | Heiti ESB-sjóðs sem fyrirhugað er að nota vegna skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli (ef einhver er) ([5]) | Upphæð (fyrirhugaðrar) ESB-fjármögnunar sem þörf er á | Viðeigandi athugasemdir um skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli |
| | | | | Eindagar sem beðið er | | Persónueiningar | Persónueiningar | 1, 2, 3-N, 3-P, 3-örverufræði, 3-annað | (mm/ áááá) | (mm/ áááá) | (mm/ áááá) | (mm/ áááá) | Evrur | | Evrur | |
| | | | | Eindagar sem beðið er | | | | | | | | | | | | |
| | | | | Eindagar sem beðið er | | | | | | | | | | | | |

([1]) Þar með taldir eindagar sem eru ákveðnir með aðildarsáttmálum eða með skilgreiningunni á nýjum viðkvæmum svæðum (5. gr.).
([2]) Samkvæmt tilskipuninni er ekki gerð krafa um upplýsingar varðandi einstakar stöðvar á þéttbýlisstöðum með fleiri en 10 000 persónueiningum, að því er varðar að köfnunarefni eða fosfór er ekki fjarlægður, vegna viðkvæmra svæða ef unnt er að sýna fram á að lágmarkshundraðshluti minnkunar á heildarmagni sem fer inn í allar skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli á viðkomandi svæði sé a.m.k. 75% fyrir heildarfosfór og a.m.k. 75% fyrir heildarköfnunarefni á viðmiðunardegi.
([3]) Sama auðkenni skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli og er notað vegna skýrslugjafar skv. 4. mgr. 15. gr.
([4]) Einungis nauðsynlegt ef bygging skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli er ekki hafin á viðmiðunardegi.
([5]) Til dæmis Byggðaþróunarsjóður Evrópu (ERDF), Samheldnisjóður (CF), lán frá Fjárfestingarbanka Evrópu (EIB), lán frá Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD), sjóður fyrir umhverfisvernd og orkunýtni (EPEEF), Félagsmálasjóður Evrópu (ESF), ...

| Aðildarríki: |
|---|

*Tafla 4*

**Núverandi og áætluð lífræn hönnunargeta í heild og fjárfestingarkostnaður á landsvísu**

| Tímabil | Núverandi og áætlað ástand | Núverandi eða áætluð lífrænn hönnunargeta allra skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli í heild við lok tímabilsins | Núverandi eða áætlaður fjárfestingarkostnaður vegna safnræsa (nýrra og endurnýjaðra) | Núverandi eða áætlaður fjárfestingarkostnaður vegna hreinsistöðva (nýrra og endurnýjaðra) |
|---|---|---|---|---|
| | Núverandi/áætlað | Persónueiningar | í milljónum evra ([2]) | í milljónum evra ([2]) |
| Frá 1. janúar xxxx til loka xxxx ([1]) | Núverandi | | | |
| Frá 1. janúar xxxx til loka xxxx | Áætlað | | | |
| Frá 1. janúar xxxx til loka xxxx | Áætlað | | | |
| Frá 1. janúar xxxx til loka xxxx | Áætlað | | | |
| Frá 1. janúar xxxx til loka xxxx | Áætlað | | | |
| Frá 1. janúar xxxx til loka xxxx | Áætlað | | | |
| Frá 1. janúar xxxx til loka xxxx | Áætlað | | | |
| Frá 1. janúar xxxx til loka xxxx | Áætlað | | | |

([1]) Veljið síðasta þekkta tímabilið eða árið.
([2]) Tilgreinið evrur á gangverði og gefið upp viðmiðunardagsetningu (í mm/áááá) og hvort virðisaukaskattur er innifalinn eða ekki.

Aðildarríki:

*Tafla 5*

**Önnur atriði sem taka skal til athugunar við gerð landsáætlunar**

**Veita skal viðeigandi upplýsingar, ef einhverjar eru, sem óbundinn texta** ([1])

| Umfjöllunarefni | Kemur fyrir í áætluninni |
|---|---|
| Staða landsáætlunar | Hvenær var landsáætlun komið á og hvenær var, ef nauðsyn krefur, síðasta uppfærsla?<br>Hefur landsáætlunin verið samþykkt sem lagalega bindandi gerningur? Ef svarið er já, hver þeirra?<br>Hversu lengi er landsáætluninni ætlað að gilda?<br>… |
| Helstu drifkraftar | Hverjir eru helstu drifkraftarnir í landsáætluninni: til að ná að fara að ákvæðum, tryggja viðhald og endurnýjun o.s.frv.?<br>Er hugsanlegt að sundurliða tengdan kostnað fyrir hvert og eitt atriði?<br>… |
| Tengsl við aðra hluta löggjafar ESB | Að hvaða marki hafa aðgerðir í landsáætluninni verið teknir með í viðeigandi stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ([2])?<br>Án tillits til viðkvæmra svæða, sem eru tilnefnd samkvæmt tilskipun 91/271/EBE, nær landsáætlunin yfir aðgerðir sem hrundið er af stað vegna verndaðra svæða sem um getur í IV. viðauka við tilskipun 2000/60/EB (vatn til baða, Evrópunet verndarsvæða, skelfiskur, drykkjarvatn...)? Ef svarið er já, lýsið þessum aðgerðum.<br>Hefur landsáætlunin verið metin samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB ([3])? Ef svarið er já, gefið nákvæmar upplýsingar.<br>Tengist landsáætlunin því að draga jafnt og þétt úr sleppingu, losun og leka forgangsefna og að binda endi á eða stöðva í áföngum sleppingu, losun og leka hættulegra forgangsefna (4. gr. tilskipunar 2000/60/EB)? Ef svarið er já, lýsið aðgerðunum.<br>Tengist landsáætlunin tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB ([4]) (t.d. minnkun á rusli í sjó) ? Ef svarið er já, gefið nákvæmar upplýsingar.<br>Tengist landsáætlunin alþjóðasamningum eða -nefndum? Ef svarið er já, lýsið tengslunum.<br>Eru einhverjar aðgerðir fyrirhugaðar til að hanna viðkvæm svæði til viðbótar skv. c-lið A-liðar II. viðauka við tilskipun 91/271/EBE? Ef svarið er já, lýsið þessum aðgerðum.<br>Er einhver aðgerð fyrirhuguð til að beita strangari meðhöndlun til að fara að 4. gr. (3. mgr.) eða 5. gr. (3. mgr.) og 4. lið B-liðar í I. viðauka við tilskipun 91/271/EBE? Ef svarið er já, gefið nákvæmar upplýsingar.<br>... |
| Notkun ESB-sjóða | Hverju er spáð varðandi fjárhæð ESB-sjóða til framkvæmdar á aðgerðunum í landsáætluninni?<br>Hvernig er sundurliðunin á ESB-sjóðum sem notaðir eru?<br>... |
| Upplýsingakerfi | Er landsáætlunin birt á Netinu? Hvar?<br>Er kerfi á Netinu sem gerir það kleift að rekja framkvæmdaferil landsáætlunarinnar með reglubundnum hætti? Gefið nánari upplýsingar.<br>… |

| Umfjöllunarefni | Kemur fyrir í áætluninni |
|---|---|
| Aðrar kröfur tilskipunar 91/271/EBE | Er talið nauðsynlegt að beita einhverri aðgerð til að tryggja næga afkastagetu skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli við öll eðlileg veðurfarsskilyrði (10. gr. og B-liður I. viðauka)?<br>Er einhver aðgerð fyrirhuguð til að draga úr yfirfalli úrkomuvatns (2. mgr. 3. gr. og A-hluti I. viðauka)?<br>Er einhver aðgerð fyrirhuguð til að framkvæma 7. gr.?<br>Er einhver aðgerð fyrirhuguð til að stuðla að endurnýtingu á meðhöndluðu skólpi (1. mgr. 12. gr.)?<br>Er einhver aðgerð fyrirhuguð til að framkvæma 14. gr. að því er varðar meðhöndlun seyru?<br>Er einhver aðgerð fyrirhuguð til að draga úr losun iðnaðarskólps í safnræsi til að tryggja að farið sé að kröfum í C-lið I. viðauka?<br>... |
| Annað | Gefið ítarlegar upplýsingar um allar yfirstandandi eða fyrirhugaðar rannsóknir að því er varðar nýsköpunarþróun í sorphreinsunarstefnu.<br>Á að nota einhverja ESB-sjóði að því er þetta varðar? |

(1) Til dæmis er litið á fyrirliggjandi landsáætlun sem svar við spurningunni í töflu 5.

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001 um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið (Stjtíð. EB L 197, 21.7.2001, bls. 30).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB frá 17. júní 2008 um ramma um aðgerðir Bandalagsins varðandi stefnu í sjávarumhverfismálum (haftilskipunin) (Stjtíð. ESB L 164, 25.6.2008, bls. 19).